

## **Samþykkt um viðhorfskönnun á þjónustu og starfsemi**

### **Könnun KÍ og aðildarfélaga á viðhorfum félagsmanna til þjónustu og starfsemi Kennarasamtakanna**

Sjötta þing KÍ, haldið 1. - 4. apríl 2014, felur stjórn KÍ að fá óháðan aðila til að gera könnun, haustið 2014, á viðhorfum félagsmanna til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna. Jafnframt verði gerð óháð úttekt á skipuriti, rekstri og starfsemi KÍ. Niðurstöðurnar verði notaðar til að skipuleggja fræðslu um hlutverk og starfsemi samtakanna og þróa áfram þá þjónustu sem þau veita, með hagkvæmni að leiðarljósi.

#### **Greinargerð:**

Árið 2006 lét KÍ gera viðhorfskönnun meðal félagsfólks til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna. Á svipuðum tíma var gerð úttekt á starfsemi og rekstri KÍ og voru niðurstöður notaðar til að þróa starfsemi samtakanna, þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Mikilvægt er að gera slíka könnun aftur þar sem miklar samfélagsbreytingar hafa orðið síðan hún var gerð.